

Mánudaginn 9. júní 1941.

Nr. 30/1941. **Steingrímur Pétursson og Höskuldur Guðmundsson** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Margréti Guðlaugsdóttur (Pétur Magnússon).

Bótakrafa vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigurður bæjarfógeti Eggerz.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. marz þ. á. og fengið áfrýjunarleyfi. Krefjast þeir aðallega algerrar sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi hennar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefjast þeir þess, að fjárhæð sú, sem þeim var í héraði dæmt að greiða, verði lækkuð eftir mati dómsins, og verði málskostnaður í héraði þá látinn falla niður, en stefnda dæmd til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í vottorði Jóhanns Sæmundssonar tryggingarlæknis frá 18. janúar 1940, sem ekki er skráð rétt er héraðsdómi, er örorka stefndu áætluð þannig:

I. ár.

Fyrstu 4 mánuði eftir slysið	100%	örorka
Næstu 4 mánuðina	75—	—
Næstu 4 mánuðina	40—	—

II. ár.

Fyrstu 6 mánuði	20—	—
Næstu 6 mánuði	10—	—

En eftir það megi gera ráð fyrir, að örorka verði engin.

Með hliðsjón af vottorði þessu, svo og upplýsingum, er fram hafa komið um stórfelld og varanleg andlitslýti

stefndu, þykja bætur henni til handa fyrir atvinnutjón, þjáningu og lýti hæfilega ákveðnar kr. 9000.00. Verða þá bætur þær, er áfrýjendum ber in solidum að greiða henni, samtals kr. 9416.56 með vöxtum eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefndu in solidum samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti og kr. 130.74 í ríkissjóð.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Steingrímur Pétursson og Höskuldur Guðmundsson, greiði in solidum stefndu, Margréti Guðlaugsdóttur, kr. 9416.56 með 5% ársvöxtum frá 27. desember 1939 til greiðsludags. Svo greiði þeir stefndu og in solidum samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti og kr. 130.74 í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. des. 1940.

Atvik málsins eru þessi:

Steingrímur Pétursson bifreiðarstjóri kom frá Hálsi í Saurbæjarhreppi.

Ók hann 3. september 1939 kl. 3.40 að næturbeli eftir Aðalstræti. Stýrði hann flutningabifreið A. 142, sem er eign hans og meðstefnda, Höskuldar Guðmundssonar, Lækjargötu 16.

Þegar stefndi Steingrímur var kominn bæjar megin við kirkjuna, varð árekstur milli bifreiðarinnar og gangandi stúlku, Margrétar Guðlaugsdóttur, stefnanda í þessu máli, sem kom með Þórði Jóns-syni bílstjóra innan úr bænum. Segir stúlkan, að þau hafi gengið á vinstri kanti vegarins, og var hún nær bílnum en maðurinn. Bifreiðarstjórinn, Steingrímur Pétursson, stefndi í þessu máli, segist hafa verið á miðjum veginum, er hann sá stúlkuna og manninn í bifreiðarljósinu. Segir hann, að sér hafi ekki komið til hugar, að hann rækist á þau. Svo hafi hann séð stúlkuna beygja að bílnum, og við það hafi áreksturinn orðið. Sá hann stúlkuna hverfa í skugga bifreiðarinnar. Margrét Guðlaugsdóttir, stefnandinn, hefur borið fyrir rétti, að hún hafi gengið á austurkanti vegarins eins austarlega og hún gat, en hún gekk á hægri hlið Þórðar. Hún hefur sagt, að bifreiðin hafi verið með ljósum, en ekið á austurkanti vegarins. Hún man aðeins eftir, að hún sá ljós og féll svo í ómegin.

Hún getur um, að nokkru áður en áreksturinn varð, sá hún bifreiðina inn við Gróðrarstöð. Að því er snertir vitnisburð Þórðar, sem var með stúlkunni, hefur hann fyrst borið, að hann og stúlkán hafi verið á leið inn til bæjarins, og bifreiðin því komið á eftir þeim, en svo breytir hann þessum vitnisburði og segist hafa verið undir áhrifum vins — og virðist vitnisburður hans bera vott um það. Hann heldur, að bifreiðin hafi ekið með 30 km hraða. Höskuldur, meðeigandi bifreiðarinnar og meðstefndur, tók ekki eftir stúlkunni og manninum, fyrr en þau voru 2—3 metra frá bifreiðinni.

Bifreiðin segir hann, að hafi verið sem næst miðjum vegi.

Hann heldur, að ekið hafi verið með 20—30 metra hraða (svo). Pilturinn og stúlkán, segir hann, hafi verið svo langt frá bifreiðinni, að sér hafi sýnt, að ekki gæti verið að ræða um hættu fyrir þau. Bifreiðin, segir hann, að muni hafa stöðvazt 5—6 metra frá þeim stað, þar sem stúlkán lá eftir áreksturinn, en þetta var venjulegur flutningabíll. Sama segir stefndur Steingrímur bílstjóri um þetta atriði. Vitnið Þórður segir, að Höskuldur hafi sagt sér, að hann hafi sofið, þegar áreksturinn varð, og hafi vaknað við, að bílstjórinn sagði honum, að hann hefði keyrt á mann. Höskuldur neitar, að þetta sé rétt. Steingrímur segir aftur, að hann hafi kallað til hans, að hann hafi keyrt á mann. Höskuldur meðstefndur játar, að hann hafi verið undir áhrifum vins. Á vitnisburðum þessara vitna virðist ekki mikið byggjandi, þar sem báðir voru undir áhrifum vins, og Þórður auk þess breytt vitnisburði sínum, en Höskuldur meðeigandi bifreiðarinnar. Bifreiðarstjórinn sjálfur var aftur á móti ekki undir áhrifum vins. Hann segist hafa keyrt með 30 km hraða, er hann sá stúlkuna og piltinn. Er sá hraði ólöglegur eftir bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Akureyrar. Það er upplýst, að staðurinn, sem slysið varð, er innan bæjar. Auk þess virðist staðurinn þannig, að ástæða sé til að viðhafa sérstaka gætni við keyrslu á honum samkvæmt athugunum og mælingu lögreglunnar. Er vegurinn, þar sem slysið varð, 7 metra breiður. Gangstétt er hvorugum megin, en austurkantur vegarins er upphlaðinn grjótgarður, ca. 60 cm á hæð, og með flóði fellur sjór að kantinum. Vestan að veginum er girðing úr tré, og hallar aðeins frá henni fram að götunni. Steingrímur stefndur hefur lýst yfir því, að stuttu eftir að hann fór frá Hálsi, hafi hann orðið þess var, að vinstra ljós bifreiðarinnar var í ólagi. Ljosið slokknadi við og við. Leiðslurnar voru lausar. Hægra ljosið logaði allt af. Hann getur ekki fullryrt, að logað hafi á vinstra ljósinu, þegar áreksturinn varð. Hins vegar sá hann piltinn og stúlkuna í bifreiðarljósinu eða bifreiðarljósunum. Steingrímur gaf ekki hljóðmerki. Steingrímur segir, að þegar hann og Höskuldur tóku stúlkuna upp, hafi hún legið á miðri götunni, en Höskuldur segir, að hún hafi legið nær hægri kantinum á veginum. Steingrímur heldur, að stúlkán hafi rekizt á pallinn aftan á stýris-

húsinu, en vill þó eigi fullyrða það. Það er upplýst, að „boddy“ var á bilnum. Snæbjörn Þorleifsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina 3. september 1939 og segir hann, að bifreiðin hafi verið í góðu lagi, að undanskildu því, að ljóstengill á vinstri fram-lukt gaf eigi gott samband, og því eigi hægt að fullyrða, að bifreiðin hafi ekið með báðum framljósum daginn áður. Bifreiðaeftirlitsmaður segist ekki minnst þess, að hann 5. september 1940 hafi sérstaklega athugað hraðamælirinn, en 5. júlí 1939, þegar bifreiðaskoðun fór fram, var hann í lagi. Hann tekur fram, að hann hafi séð hár á „boddyinu“ hérumbil $\frac{1}{2}$ alin frá bilpallinum.

Höskuldur segist aftur hafa séð blóð á „boddyinu“ rétt fyrir framan stýrishúsið. Steingrímur var svo óstyrkur eftir slysið, að hann treysti sér ekki að keyra bifreiðina með stúlkuna upp á sjúkrahúsið, en það Höskuld um að gera það. Próf hafa farið fram um för stefnanda Margrétar út að Reistará og til Akureyrar, en í ferð þessa fór hún að kveldi 2. sept. 1939 og kom til bæjarins rétt áður en slysið vildi til nóttina 3. september 1939. Aðallega hefur verið athugað, hvort stúlkun muni hafa verið undir áhrifum áfengis. Tvö vitni, sem þekkja stúlkuna, segja, að hún yfir höfuð bragði eigi áfengi. Sjálf neitar hún, að hún hafi bragðað áfengi í ferðinni. Eitt vitni heldur ef til vill, að hún hafi smakkað vín, og bifreiðarstjórinn Ingólfur segist jafnvel hafa heyrt á mæli hennar, en aðalatriðið er, að við rannsókn á stúlkunni varð læknirinn eigi var við neitt í þá átt, að hún hefði smakkað áfengi, og seldi hún þó upp nokkru á eftir að hún kom á sjúkrahúsið.

Rétturinn lítur svo á, að enginn vafi sé á, að stefndur Steingrímur Pétursson hafi keyrt óleyfilega hart, eigi sízt, þegar það var á nóttu og á athugaverðum vegi, og einkum þar sem hann vissi, að ljós hans voru í ólagi. Auk þess gaf hann eigi hljóðmerki, enda virðist heldur eigi hafa keyrt vinstra megin á veginum.

Virðist því enginn vafi á, að hann og meðstefndur, sem eru eigendur bifreiðarinnar, séu skaðabótaskyldir, og þar sem eigi verður séð, að stefnandinn, Margrét Guðlaugsdóttir, eigi sök á bilslýsinu, verður eigi að ræða um neina skiptingu á skaðabótum.

Skaðabótakröfurnar eru:

1. Sjúkrahúskostnaður kr. 448.50.
2. Fyrir atvinnutjón, þjáningar og líkamslýti kr. 18000.00.

Margrét Guðlaugsdóttir var flutt á sjúkrahúsið í september 1939, og veitti Árni Guðmundsson henni móttöku. Lá hún á sjúkrahúsinu til 26. september 1939. 18. nóvbr. þ. á. lætur Guðm. Karl Pétursson í ljósi álit sitt um heilsufar stúlkunnar. Í það álit er einnig tekinn journal sá, sem færður var við móttöku stúlkunnar á sjúkrahúsið. Þykir því ekki ástæða til að taka upp í forsendur dómsins álit Árna Guðmundssonar læknis sérstaklega, en hins vegar þykir

rétt að tilfæra álit Guðmundar Karls Péturssonar í aðaldráttum, réttarskj. 3.

Segir þar svo: „Var hún strax eftir slysið flutt á sjúkrahús Akureyrar, og er þess getið meðal annars um ástand hennar þá í „journal“ spítalans.

Var komið með sjúklinginn, að því er virðist, meðvitundarlausan, og hún lögð upp á rannsóknarborð á skrifstofu spítalans. Blæddi allmikið frá sárum á höfði sjúklingsins, og kápa sjúklingsins var allmikið blóði drifin, en enginn merki samt um, að hún hefði fallið á götuna, og ekkert göturyk eða skitur var í eða kringum áverkana.

Strax eftir að sjúklingurinn var kominn inn í sjúkrahúsið, vaknaði hún við og var þá töluvert exalteruð og vildi strax fara heim, án þess nokkuð væri við sárið gert.

Ekki var finnanleg nein vinlykt af sjúklingnum og heldur ekki af því, sem hún kastaði upp nokkru síðar. Augu eðlileg, reagera fyrir ljósi og „accomodation“. Engin blæðing frá nefi eða eyrum. Miðframtönn hægra megin er brotin upp við tannhold og lateralinn þeim megin er skekkt, sleginn inn í munninn. Sömuleiðis er brotið framan af medial framtönn vinstra megin (mediala hornið).

Yfir miðri augnabrún hægra megin er gapandi sár 7,5 cm á lengd, sem nær ofan úr hársrótum og niður fyrir augnabrún. Er það höggvið inn í bein, og í miðju sárinu er impression fractura með tveimur brotlínum, parallellum húðsárum, með 1 til 1,5 cm millibili, og hefur beinbrú sú, sem þar myndast á milli, slegizt það inn, að útflötur stendur dýpra en innra borð. Lamina interna svo að sést inn á dura beggja megin, þar sem dýpst er, en ekki virðast frissurur ganga neitt út frá þessu broti. Við neðri brún hægra orbiti er ca. 1,5 cm langt sár í stefnu orbitalrandarinnar, en ekki finnst nein brotlöm á kinnbeinsboganum. Neðanverðu frá nasavængnum hægra megin liggur 7 cm langt gapandi sár gegnum lab.sup. og hægri vangafyllu niður á kjálkabarðið hægra megin. Er sár þetta alveg opið inn í munn, svo tungan rekst annað slagið út í sárið.

Gert var að sárum sjúklingsins, sem greru vel. Fyrstu dagana á eftir slysið var þó liðan sjúklingsins slæm vegna óþæginda frá höfuð- og andlitsmeiðslum. Seinni hluta veru sinnar á spítalanum fékk hún nokkur slæm höfuðverkjarköst, sem þó liðu fljótlega frá aftur. Sjúklingurinn var burtskráður frá spítalanum 26. sept. 1939, og hafði þá verið á fótum í 2 daga við góða liðan.

Sjúkdómsgreining spítalans: Commotio cerebri, Fractura ossis frontalis, vulnera contusa faciei.

Síðan slasaða fór af spítalanum, hefur hún haft fótavist dag-

lega, en stundum orðið að leggja sig stund og stund, þegar höfuð-verkurinn hefur verið verstur. Hefur ekkert getað unnið. Núverandi ástand samkvæmt lýsingu slösuðu þykir ekki ástæða til að taka upp í forsendum dómsins. Þá er tekið fram í vottorðinu, objectiv rannsókninni:

Heldur grannvaxinn stúlka, holdafar nokkurn veginn í meðallagi. Svarar öllum spurningum skýrt og vöflulaust. Það, sem mest fellur í augu við fyrstu sýn, eru 2 stór rauðleit, dálítið upphleypt ör, annað yfir hægra augabrún og hitt frá miðri efri vör beint niður undir h. nasavæng á ská út á við og niður á við, niður á kjálkabarð, jafnframt nokkurri skekkju á munnum, þannig að hægra munnvik slapir töluvert niður, og verður þetta enn meira áberandi við það, ef slasaða brosir eða talar. Efra örið nær frá efri rönd orbita beint upp í hársrætur, tæplega 7 cm á lengd. Á nokkru svæði undir miðbiki örsins finnst dálitill beingarður, en lateralt við hann er dæld í beinið, og sést hún greinilega að utan. Dæld þessi gengur alveg niður í gegnum augnabrúnina, og þegar það við bætist, að hreyfing er upphafin á svæðinu medíalt við örið, en lateralt við það lyftist brúnin óeðlilega mikið, þá verður af þessu hlykkur á augnabrúninni, sem breytir andlitssvipnum og er til lýta.

Yfir neðri augnatóftarbrún frá miðju og inn undir nefið er óreglulegt, upphækkað, rauðlegt ör ca. 10×4 mm.

Ljótasta örið er þó neðarlega á hægri vanga, byrjar beint niður undan h. nasavæng yzt mitt á milli munns og nefs og gengur á ská út á við og niður á við 1,5 cm utan h. munnviks, en þar verður á því nokkur hlykkur, svo að myndast ca. 170° horn opið að miðlínu, og síðan gengur örið niður á kjálkabarð. Þar sem hlykkurinn er á örinu, gengur 1,5 cm langt ör næstum lárétt út á kinnina. Innendi örsins er T-lagaður, og stefnir annar anginn niður að munni, en hinn upp að nefi. Allt er örið talsvert óreglulegt, upphækkað, rautt og vel 0,5 cm breytt, þar sem það er breiðast. Andspænis þessu öri inni í munnum er annað ör á slímhúðinni og mikið herzli í vangafyllunni.

Vegna þess, hve mikið hefur slitnað af vöðvum og taugum við þessi meiðsli, hefur orðið lömum á vöðvunum medíalt við örið, og veldur þetta skekkju á munnum, þannig að hægra munnvikið slapir talsvert niður, og ber einna mest á því, þegar stúlkan hlær eða talar.

Þá segir læk'nirinn, að stúlkan hafi efalaust fengið heilahristing, sbr. sjúkdómsgreining spítalans. Enn fremur segir hann, að til þessa tíma hafi hún verið óvinnufær, en ástæða sé til að ætla, að ástandið breytist til batnaðar.

Þá segir læk'nirinn, að af heilahristing hljótist oft varanleg óþæg-

indi, er leitt geti til mismikils orkutaps, allt upp í það að vera fullkominn „invalid“ æfilangt.

Af andlitsmeiðslunum segir hann, að stúlkan hafi hlotið mjög afskræmandi ör. Segir hann, að þau líkamslýti, auk sálarangurs, geti beinlinis að ýmsu leyti orðið stúlkunni farartálmi og spillt fyrir henni í lífsbaráttunni. Þá hefur augnlæknir Helgi Skúlason skoðað stúlkuna 17. nóvember 1939 og 12. febr. síðastl., réttarskj. 4 og 27. Samkvæmt vottorði hans virðist sjón stúlkunnar óskemmd, en hins vegar telur hann, að augnahimnuboginn hægra megin sé ekki alveg eins reglulega lagaður og vinstra megin, og virðist telja það talsvert áberandi lýti.

Þá hefur tannlæknirinn einnig skoðað stúlkuna, réttarskj. 5.

Hann hefur gert við tennur í henni, sem hafa brotnað og skemmt. Segir hann, að styrkleiki tannanna sé minni á eftir, og eins talar hann um lýti þau, sem stafa af skemmdunum.

Álit liggur einnig fyrir frá Friðriki V. Björnssyni, ódags., réttarskj. 18, en hann er læknir váttryggingarfélagsins, þar sem bifreiðin er váttrygð.

Er álit þetta byggt á rannsóknum þeim, sem lækarnir á Akureyri hafi gert á sjúklingnum. Alvarlegasta afleiðingin af áverkanum, segir hann, að örin séu og þar af leiðandi líkamslýti.

Telur hann, að örin muni lagast nokkuð, og bendir sérstaklega á álit augnlæknisins, þar sem hann segir, að örið sé eigi vaxið við undirlagið (beinið), en þar sem missmiði séu á beininu, sé húðin sæmilega hreyfanleg. Þá telur hann einnig, að skekkjan á munnvikinu geti lagast. Líðan sjúklingsins telur hann einnig, að geti staðið til bóta.

Þessu vottorði hefur umboðsmaður stefnanda mótmælt, þar sem læknirinn sé starfsmaður tryggingarfélagsins, þar sem billinn sé váttrygður.

Þá er og álit tryggingarlæknis Jóhanns Sæmundssonar, réttarskj. 18, dags. 18. jan. 1940, fyrir hendi.

Telur hann, að hér hafi verið um léttan heilahristing að ræða.

Álit hans í málinu er byggt á rannsókn, sem læknar á Akureyri hafa framkvæmt. Hann metur örorkuna þannig:

1. ár. Fyrsta mánuðinn	100%	Örorka
næsta mánuðinn	75—	—
þar næsta mánuð	40—	—
2. ár. Fyrstu 6 mánuði	20—	—
næstu 6 mánuði	10—	—

og svo ekkert úr því. Þá hefur héraðslæknirinn á Akureyri skoðað sjúklinginn 10. febr. síðastl., réttarskj. 26. Visar hann í vottorð spítalalæknisins. Líðan sjúklingsins, segir hann, sé betri 18. nóv.

1939, hvað viðvikur höfuðverk, sviða og verkjum í örunum. Einnig segir hann, að sjúklingurinn sé nokkuð þolmeiri og styrkari. Aftur virðast hinar psykisku og nervösu truflanir engu minni en 18. okt. 1939. Telur hann, að örorka stúlkunnar sé um 100%, og þó er kominn sá tími, þegar tryggingarlæknirinn mat örorkuna 75%.

Eftir tvo til þrjá mánuði telur hann, að eitthvað muni breytast til batnaðar, og hún muni þá fær til einhverrar léttari vinnu, en um þetta segir héraðslæknirinn, að ekki sé hægt að fullyrða, þar sem það hafi sýnt sig, að sjúklingar, sem hafi fengið heilahristing, nái sér mjög misjafnlega fljótt, þó um léttari heilahristing sé að ræða.

Húsbóndi stúlkunnar, J. Kvaran, upplýsir, að stúlkan hafi haft í kaup 75 kr. á mánuði. Var atvinna hennar í skósmiðaverksmiðju hans, og var hún byrjandi.

Samkvæmt reglum verksmiðjunnar getur hún siðar fengið 150 kr. í kaup og auk þess 9% í kaupbætur.

Að því er 1. lið skaðabótakröfunnar snertir, þá eru lagðir fram reikningar fyrir kr. 416.50, er ber að taka til greina.

Að því er 2. lið snertir fyrir atvinnutjón, þjáningar og líkamslýti, þá er gerð krafa ósundurliðuð fyrir alla þessa liði, enda erfitt að sundurliða þá.

Að því er atvinnutjónið snertir, þá liggur að vísu fyrir vottorð frá tryggingarlækninum um, að örorkan vari aðeins 2 ár, en tryggingarlæknirinn hefur ekki skoðað sjúklinginn, og samkvæmt álit héraðslæknisins hér á staðnum, sem hefur skoðað sjúklinginn, þá hefur álit tryggingarlæknisins ekki staðizt fyrir þann tíma, sem liðinn er. Héraðslæknirinn telur og mjög erfitt að ákveða, hvort og að hve miklu leyti stúlkan verður vinnufær. Þykir því eins vel geta farið svo, að atvinnutjón stúlkunnar verði mikið, auk þess sem telja verður, að jafnvel þó líkamskraftar hennar leyfðu henni að vinna, þá yrði vegna útlits hennar erfiðara fyrir hana að fá atvinnu en áður var.

Þá virðist alvarlegasta hlið málsins vera lýti þau hin miklu, sem stúlkan hefur orðið fyrir við slysið, sbr. vottorð læknanna og myndir þær, er fram hafa verið lagðar í málinu.

Þegar tekið er tillit til atvinnutjóns nú og í framtíðinni og tekið er tillit til þess, hvað viðhorf stúlkunnar til lífsins hlýtur að hafa breytzt við slysið og allar horfur fyrir framtíð hennar þungbærar, þá þykir rétt að taka kröfu stefnandans, að því er þennan lið snertir til greina, með kr. 16000.00, og ber því að dæma stefndu in solidum til að greiða stefndanum kr. 16416.56.

Í málskostnað greiði stefndu in solidum kr. 1000.00 og í ríkis-sjóð kr. 130.75 aur.

Dómarinn tekur fram, að honum þótti rétt að kveða þennan dóm ekki upp, fyrr en dómur væri genginn í lögreglurétti í máli því,

sem réttvísinn og valdstjórnin hefur höfðað gegn Steingrími Péturssyni, öðrum stefnda í þessu máli.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Steingrímur Pétursson og Höskuldur Guðmundsson, til heimilis á Akureyri, greiði in solidum stefnandanum, Guðlaugi Kristjánssyni f. h. Margrétar Guðlaugsdóttur, Akureyri, kr. 16416.56, ásamt 5% ársvöxtum frá 27. desember 1939 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndu in solidum stefnandanum kr. 1000.00 og í ríkissjóð kr. 130.75.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. júní 1941.

Nr. 1/1941. **Axel Schiöth** (Eggert Claessen)

gegn

Sigurbirni Guðmundssyni (Pétur Magnússon).

Lausafjárkaup. Rifting vegna galla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðbrandur sýslumaður Ísberg.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1941 og að fengnu áfrýjunarleyfi 12. des. f. á., hefur krafizt þess, að honum verði dæmt heimilt að rifta kaup á hesti þeim, sem stefndi seldi honum 27. maí 1939, og að stefnda verði dæmt að endurgreiða honum kaupverð hestsins kr. 320.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. júlí 1939 til greiðsludags, svo og að greiða honum þær kr. 25.00, sem hann hefur orðið að borga fyrir viðgerðir á girðingum, sem hesturinn spillti 30. maí 1939, og 1 krónu á dag á tímabilinu 29. maí til 20. júlí 1939, eða kr. 52.00, fyrir beit handa hestinum og fyrirhöfn við hann, og kr. 1.50 á dag fyrir hirðingu og fóður hestsins frá síðarnefndum degi til þess dags, þegar stefndi tekur við honum aftur.